

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Holtabyggð 101-109, frístundabyggð í Syðra-Langholti IV.

Í breytingunni felst að í stað nýtingarhlutfalls lóðar að 0,03 er skilgreint hámarksbyggingarmagn allt að 170 fm. Auk þess er gert ráð fyrir að hús megi vera á tveimur hæðum eða á einni hæð með svefnlofti.

Samþykkt í sveitarstjórn 4. apríl 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 26. júní 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vígfús Þór Hróbjartsson.